




# Áveitan

5. tbl. 18. árgangur. Maí 2024

TF - FLÓ



## Fjör í Flóa 31. MAÍ - 1. JÚNÍ 2024

Íbúar í Flóahreppi bjóða gesti  
velkomna á þessa stórskemmtilegu  
fjölskyldu og menningarhátíð sem er  
stútfull af skemmtun!



Nánari upplýsingar & dagskrá á  
[Flóahreppur.is](http://Flóahreppur.is)  
FB síðu Fjör í Flóa, instagram  
menningi flóa.



## Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is  
Oddný Ása Ingjaldsdóttir oddnyasa@gmail.com

845-9719  
865-5692

## Pistill frá sveitarstjóra Flóahrepps

Kæru lesendur Áveitunnar



Gleðilegt sumar!

Það er óhætt að segja að vorið hafi komið í apríl með sól og yl þegar líða tók á mánuðinn. Gróður og lífríki lifnar við þessa dagana og íbúar víða farnir að huga að vorverkum.

Apríl hefur verið viðburðarríkur og fjölbreyttur. Vorinu fylgja gjarnan hinir ýmsu fundir og samkomur. Sveitarstjórn kom saman á 295. fundi sínum

þann 8. apríl. Flestar nefndir sveitarfélagsins héldu fundi og fjölluðu um hin ýmsu málefni sem varða sveitarfélagið, stjórnarfundir í byggðasamlögum, aðalfundir, vorfundir, samráðsfundir og upplýsingafundir svo fátt eitt sé nefnt. Það er ánægjulegt að finna kraftinn sem kemur með hækkandi sól og má finna fyrir þeim krafti í allri starfsemi sveitarfélagsins.

Undirbúningur fyrir innanhússframkvæmdir í Flóaskóla hefur gengið vel. Verktakar eru tilbúnir um leið og hægt er að hefja framkvæmdir og eru starfsmenn sveitarfélagsins þegar farnir að undirbúa og vinna í haginn vegna framkvæmdanna eins og mögulegt er.

Framkvæmda- og veitunefnd er að skoða möguleika á breytingum í Þingborg til að auka notagildi hússins enn frekar fyrir starfsemi sveitarfélagsins og til annarra viðburða. Meðal annars er verið er að kanna burðarþol yfir sviði ef farið yrði í framkvæmdir við að stækka gólfliöt í sal.

Verkfræðistofan Efla vinnur áfram að deiliskipulagi íbúðabygðar við



Þingborg og vonast sveitarstjórn til þess að deiliskipulag verði klárað fljótlega og að í kjölfarið verði hægt að fara að undirbúa áfangaskiptingu á gatnagerð og útboð á lóðum innan svæðisins.

Samkvæmt mælaborði íbúða í byggingu hjá HMS eru í dag 226 fullbúnar íbúðir í Flóahreppi og byggingaráform eru uppi um 22 íbúðir. Það er því óhætt að segja að það sé töluverð uppbygging í sveitarfélaginu og við sjáum framá áframhaldandi uppbyggingu, fjölgun íbúða og þar með fjölgun íbúa. Í dag eru skráðir 726 íbúar með lögheimili í Flóahreppi samkvæmt þjóðskrárgátt, meðalaldur íbúa er 39,4 ár og elsti íbúinn er 98 ára!

Þann 18. apríl skrifaði Flóahreppur undir samstarfsyfirlýsingu um svæðisbundið samráð og aðgerðir gegn ofbeldi og öðrum afbrotum undir yfirskriftinni *Öruggara Suðurland*. Að samstarfinu koma öll sveitarfélög á Suðurlandi, embætti lögreglustjóra á Suðurlandi, félagsþjónusta og barnavernd, embætti sýslumannsins á Suðurlandi, Heilbrigðisstofnun Suðurlands og framhaldsskólarnir FSu, FAS og ML. Umhverfisnefnd Flóahrepps stóð fyrir Flóaplokki 2024 á Stóra plokkeginum þann 28. apríl. Fjölmarginir tóku þátt og tóku til hendinni í nærumhverfinu með því að plokka rusl af víðavangi. Myn-dasamkeppni var í gangi á plokkeginum og mun umhverfisnefndin velja skemmtilegustu myndina hafa samband við vinningshafa en fjölmargar skemmtilegar myndir bárust.

6 umsóknir um menningarstyrk Flóahrepps bárust og mun menningar-nefnd fara yfir umsóknirnar áður en sveitarstjórn tekur endanlega ákvörðun um úthlutun. Menningarstyrkur verður veittur á Fjöri í Flóa. Fjör í Flóa fer fram dagana 31. maí – 1. júní og hvetjum við sem allra flesta til að taka þátt í flottri dagskrá sem íþróttá- æskulýðs- og men-ningarnefnd heldur utanum í góðu samstarfi við félagasamtök í sveitarfélaginu. Hátíðin hefur fest sig í sessi hjá okkur og er frábær leið fyrir íbúa á öllum aldri til að hittast og njóta góðrar samveru. Fylgist vel með auglýsingum þegar nær dregur.

Forsetakosningar fara fram þann 1. júní næstkomandi og verður kjörstaður kjósenda í Flóahreppi í Félagslundi. Nánari auglýsingar verða birtar þegar nær dregur kosningum.

Árlegt hreinsunaráttak verður í maí og hvetjum við íbúa, fasteignaeigendur, atvinnurekendur og aðra til þess að taka þátt með því að huga að umverfinu, ásýnd og leggja sitt af mörkum í tiltekt um allt sveitarfélagið. Þetta á við um allan úrgang og lausamuni á lendum og lóðum.

**Í tengslum við hreinsunaráttak verður hægt að losa sig við úrgang á gámasvæði ÍGF í Hrísmýri dagana 13.-17. maí** án þess að nýta inn eignarkort eða greiða fyrir þann úrgang sem komið er með. Við hvetjum að sjálfsögðu til þess að allur úrgangur sé flokkaður eins vel og mögulegt er þegar komið er með hann á gámasvæðið til að minnka kostnað sveitarfélagsins, og þar með íbúa, við förgun úrgangsins. Ekki verður í boði að fá gáma heim á bæi á kostnað sveitarfélagsins en einstaklingar og atvinnurekendur geta fengið til sín gám á eigin kostnað. Gáma má panta hjá Íslenska Gámafélaginu [www.igf.is](http://www.igf.is). Minnt er á að ákveðinn úrgangur, svo sem járn, ber skilagjald og því er hægt að fá járnagám án þess að greiða fyrir hann. Við minnum einnig á

Flóahreppur hélt vel heppnaða árshátíð fyrir starfsmenn, sveitarstjórnarmenn, nefndarfolk og verktaka í lok apríl. Starfsfólkið okkar er lífið og sálin í allri starfsemi sveitarfélagsins og mikilvægt að hlúa vel að góðu starfsumhverfi. Viðburður sem þessi er haldinn til að þakka fyrir vel unnin störf í þágu okkar allra.

### **Vinnuskóli Flóahrepps sumarið 2024:**

*Flóahreppur starfrækir vinnuskóla á sumrin í 7 vikur á tímabilinu frá byrjun júní og fram yfir miðjan júlí. Vinnuskólinn er opinn fyrir unglinga sem eiga lögheimili í Flóahreppi. Verkefni eru fjölbreytt og aðalstarfsstöðvarnar þrjár, við Þingborg, Þjórsárver/Flóaskóla og Félagslund. Stefnt er að því að unglingar fæddir 2008-2010 eigi kost á vinnu í 6 vikur og þeir sem fæddir eru 2011 eigi kost á vinnu í 2 vikur í samráði við verkstjóra. Umsóknareyðublað vegna starfs við*

vinnuskólann má finna á heimasíðu Flóahrepps: <https://www.floahreppur.is/is/thjonusta/fraedslumal/vinnuskoli-floahrepps> en einnig er hægt að nálgast útprentað eyðublað á skrifstofu Flóahrepps. Athugið að foreldri/ forráðamaður þarf að fylla út umsóknina með barni sínu og hefur starfsmaður Flóahrepps samband við foreldri til að staðfesta starf við vinnuskólann. Útprentuðum umsóknum skal skila á netfangið [floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is) eða í afgreiðsluna á skrifstofu Flóahrepps fyrir 24. maí.

### **Gámasvæði ÍGF:**

Opnunartímar **gámasvæðisins** í Hrísmýri eru eftirfarandi:

Mánudaga – föstudaga: 13:00-17:00 Athugið að sú breyting hefur orðið á þjónustu ÍGF að ekki er opið á laugardögum.

Sjá nánar hér: <https://gamafelagid.is/starfsstod/islenska-gamafelagid-sudurlandi/>

Þjónusta á starfsstöð er eftirfarandi: almennt sorp, grófur úrgangur, hreint og litað timbur, pappi og pappír, plast, járn og málmar, spilliefni og steinefni. Hafi íbúar áhuga á að panta til sín gáma á eigin vegum þá er hægt að hafa samband við ÍGF í síma 482-3371 eða á netfangið [igf@igf.is](mailto:igf@igf.is)

Við minnum á að íbúar og fasteignaeigendur þurfa að hafa klippikort til að fá að nota gámasvæðið í Hrísmýri gjaldfrjálst. Klippikortin má nálgast á skrifstofu sveitarfélagsins í Þingborg á opnunartíma.

### **Viðtal við sveitarstjóra og oddvita:**

Sveitarstjóri er almennt með viðveru á skrifstofu alla virka daga á opnunartíma skrifstofu og tekur á móti íbúum. Það getur verið gott að hringja á undan sér eða senda tölvupóst á [hulda@floahreppur.is](mailto:hulda@floahreppur.is) til að vera viss um að sveitarstjóri sé við og alltaf er hægt að bóka viðtal. Oddviti er ekki með fasta viðveru á skrifstofu en íbúum er ávallt frjálst að heyra í honum, senda tölvupóst eða bóka viðtal við hann. Til að bóka viðtal við oddvita er best að senda tölvupóst á [arni@floahreppur.is](mailto:arni@floahreppur.is).

### **Húsvarsla í Þingborg og Félagslundir:**

Andri Þór Erlingsson og Ingibjörg Einarsdóttir sjá um húsvörslu í

Félagslundi og Þingborg. Bókanir og fyrirspurnir vegna félagsheimilanna berist í síma 691-7082 eða á netfangið [thingborg@gmail.com](mailto:thingborg@gmail.com).

### **Opnunartími skrifstofu:**

Opnunartími skrifstofu Flóahrepps er frá 9:00-16:00 mánudaga-fimmtudaga og 9:00-13:00 á föstudögum.

Síminn er opinn frá 9:00-13:00 alla virka daga og alltaf er hægt að senda tölvupóst á starfsmenn skrifstofu:

Anna Dóra ritari og gjaldkeri: [anna@floahreppur.is](mailto:anna@floahreppur.is)

Hafdís bókarí, launafulltrúi og umsjón með álagningakerfi:

[hafdis@floahreppur.is](mailto:hafdis@floahreppur.is)

Hulda sveitarstjóri: [hulda@floahreppur.is](mailto:hulda@floahreppur.is)

Vaktsími vatnsveitu: 862-6848

### **Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. (UTU) – vegna skipulags og byggingarmála:**

UTU er staðsett á Laugarvatni.

Almennt netfang: [utu@utu.is](mailto:utu@utu.is)

Sími: 480-5550

Opið alla virka daga frá 9:00-12.00.

Viðtals- og símatímar skipulags- og byggingarfulltrúa og annarra starfsmanna alla virka daga nema miðvikudaga milli kl. 9:00-12.00.

Mælst er til þess að fundir séu bókaðir með fyrirvara. Sjá nánar hér:

<https://www.utu.is/um-okkur/>

### **Skóla- og velferðarþjónusta Árneshings bs:**

Skóla- og velferðarþjónustan er staðsett í Laugarási en starfsmenn sinna fundum og ráðgjöf oft á tíðum utan starfsstöðvar.

Sími: 480- 1180

Heimasíða: [www.arnesthing.is](http://www.arnesthing.is)

Vegna skólalþjónustu: [skolathjonusta@arnesthing.is](mailto:skolathjonusta@arnesthing.is)

Vegna velferðarþjónustu: [velferd@arnesthing.is](mailto:velferd@arnesthing.is)

*Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri*

# 60 PLÚS

**Opið hús verður 8.maí kl.16:00-18:00  
í Þjórsáveri.**

Ætlunin er að koma saman og móta starf  
fyrir næsta vetur.

Fá okkur kaffi, kleinur og spjalla.

Á staðnum er allskonar afþreying  
og gaman væri að sjá ykkur sem flest  
og hafa skemmtilega stund saman.

Ef einhver óskar eftir að vera sótt/ur  
þá endilega hafið samband við

Helenu

í síma:899-6685

Nefndin



**HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG  
Flóahreppur**

vellíðan fyrir alla

# Hreinsun rotþróa

Flóahreppur er hluti af Seyruverkefninu í samstarfi við 5 önnur sveitarfélög.


Netfangið er [seyra@seyra.is](mailto:seyra@seyra.is) og vakt síminn er 832-5105

Rotþrær eru hreinsaðar á þriggja ára fresti.

**Grænt** svæði verður hreinsað 2024

**Rautt** svæði var hreinsað 2022 og verður næst hreinsað 2025.

**Blátt** svæði var hreinsað 2023 og verður næst hreinsað 2026.





## Vinsamlega athugið:

- Rotþrær verða að vera aðgengilegar fyrir hreinsunaraðila.
- Passa þarf að bíll komist nógu nálægt þrónni til að hægt sé að hreinsa.

**Nauðsynlegt er að ekki sé lengra að þró en 50 m frá þeim stað sem bíllinn getur stoppað.**

- Ef það er mikill gróður þá þarf að grísa leið að þrónni og merkja leiðina.

-Nauðsynlegt getur verið að merkja staðsetningu þróar með stöng eða flaggi. Gott er að vera búin að reita gróður frá stútum ef þarf.

-Til að hægt sé að hreinsa rotþróna þarf stúturinn á rotþrónni að vera að lágmarki 110 mm til að barkinn á bílnum komist niður í þróna.

-Gæta þarf þess að hreinsunaraðili komi ekki að lokuðu hliði og að hliðið sé nógu stórt til að stór bíll komist í gegnum það.

-Gæta þarf að því að trjágreinir slúti ekki yfir heimreið svo að seyrubíllinn komist í gegn að rotþró.

-Vinsamlega athugið að hvorki er hægt að segja til um hvenær hreinsunaraðili tæmir né óska eftir ákveðnum hreinsunartíma.

**Ef þér finnst eitthvað að rotþrónni eða þú heldur að hún sé full eða stífluð þá hvetjum við ykkur til að skoða leiðbeiningar hér:**

<https://seyra.is/hreinsun-rotthroa/>



## Flóahlaupið

46. Flóahlaupið fór fram laugardaginn 13. apríl við Félagslund. Veðrið var dásamlegt og mættu 116 keppendur á öllum aldri til að hlaup 3, 5 eða 10km. Eftir hlaup voru svo kaffiveitingar að hætti Umf. Þjótanda eins og áður, heitar vöffur, kaffi og annað bakkelsi.

Sérstakar þakkir til sjálfboðaliða sem störfuðu við hlaupið, einnig þeim sem styrktu það með því að gefa vörur, peningastyrk eða verðlaun.

Styrktaraðilar Flóahlaupsins 2024 voru:

**HP Flatkökur, Nettó, MS, Þjónustustöðin Þorlákshöfn, VÍS, Kjörís, Set, TM tryggingar og Flóahreppur.**

Úrslit hlaupsins má finna á [hlaup.is](http://hlaup.is)

# Kökuskreytingakeppni



Ungmennafélagið Þjótandi stendur fyrir kökuskreytingakeppni á Fjöri í Flóa, laugardaginn 1. júní n.k. kl 12:15 í félagsheimilinu Þingborg.

Keppnin er fyrir alla krakka 16 ára og yngri og mega keppendur keppa einir og sér eða skrá sig saman í lið.

Skráning fer fram á heimasíðunni [www.floahreppur.is](http://www.floahreppur.is) Skráning hefst 10. maí og lýkur á hádegi 31. maí.

Keppendur fá einn kökubotn og hafa 30 mínútur til að skreyta hann að vild.

Keppendur geta fengið smjörkrem á staðnum og nammi en annað skreytingarefni, áhöld og disk undir kökuna verða þeir að koma með sjálfir.

Ekki er í boði að koma með eigin kökur til að skreyta.

Keppendur skuli vera mættir 15 mínútum fyrir keppni og gefi sig fram við Fanney Ólafsdóttur keppnisstjóra. Hún gefur einnig nánari upplýsingar um keppnina ef óskað er í gegnum netfangið [fanneyo80@gmail.com](mailto:fanneyo80@gmail.com)




## Leikjanámskeið Umf Þjótanda



Þjótandi stendur fyrir leikjanámskeiði í júní eins og undanfarin ár. Námskeiðið verður í tvær vikur og er ætlað krökkum sem eru að ljúka 1. - 6. bekk.

Námskeiðið fer fram á íþróttasvæðinu við Þjósárver að mestu leiti. Þjálfarar verða Örvar Rafn Hlíðdal og Unnur Bjarkadóttir.

*Afmæli*



*Í tilefni af 80 ára afmæli minnu verður opið hús í skúrnum í Ferjunesi 3 þann 7. maí eftir kl. 19. Kaffi á könnunni og léttar veitingar, blóm og kransar afhakkaðir en það má skoða það seinna.*

*Bestu kveðjur, Ingjaldur í Ferjunesi*

## Tækjalisti Búnaðarfélagi Villingaholtshrepps og Gaulverjabæjarhrepps.

### Tæki í umsjón Reynis á Hurðarbaki, s: 898-0929

<u>Flaghefill</u>	2.200 kr/dag	
<u>Staurabor</u>	5.500 kr/dag	
<u>Sturtuvagn</u>	20.000 kr/dag	
<u>Flatvagn</u>	11.000 kr/dag	
<u>Loftunarherfi</u>	2.300 kr/klst	
<u>Hnífatætari</u>	2.300 kr/klst	
<u>Múgvendir</u>	1.400 kr/klst	
<u>Trjákulari</u>	15.000 kr/dag	10.000 kr ½ /dagur

### Tæki í umsjón Kristins í Vatnsholti 3; s: 869-7625

<u>Sáðvél</u>	3.300 kr/ha
<u>Pinnatætari</u>	3.900 kr/ha
<u>Valtari</u>	2.600 kr/ha
<u>4 skera vendiplógur</u>	5.000 kr/ha
<u>Djúpvalti fyrir frambúnað</u>	1.300 kr/ha
<u>Diskaherfi</u>	2.800 kr/ha

### Tæki í umsjón Benedikts í Ferjunesi, s:848-8604

<u>Haugsuga minni</u>	20.000 kr/dag
<u>Haugsuga stærri</u>	25.000 kr/dag
<u>Teigplógur 5 skera</u>	5.000 kr/ha
<u>Hagasláttuvél</u>	2.600 kr/klst
<u>Steypuhrærivél</u>	6.800 kr/klst

### Tæki í umsjá Stefáns í Gerðum, s. 867-6907

<u>Pinnatætari</u>	3.900 kr/ha
<u>Heva Sáðvél 6 m</u>	7.000 kr/ha
<u>Raðsáðvél 3 m</u>	3.300 kr/ha
<u>Diskaherfi</u>	4.000 kr/ha
<u>Gripakerra</u>	100 kr/km auk 2.500 kr fastagjalds

### Tæki í umská Grétars í Smjördölum, s. 858-7736

<u>Keðjudreifari</u>	15.000 kr/dag
----------------------	---------------

## **Tæki í umsjá Sturla á Fljótshólum s. 862-0623**

<u>4 skera vendiplógur</u>	<u>5.000 kr/ha</u>
<u>Hnífataetari</u>	<u>4.000 kr/ha</u>
<u>Fjaðraherfi</u>	<u>2.200 kr/ha</u>

## **Tæki í umsjá Bryndísar í Dalbæ, s. 846-7188**

<u>Ávinnsluherfi</u>	<u>1.600 kr/ha</u>
<u>Valtari</u>	<u>2.600 kr/ha</u>
<u>Tunnuvaltari</u>	<u>1.200 kr/ha</u>

Notendur eru beðnir um að skila tækjunum hreinum og nýsmurðum. Sé þrifum og góðri umgengni um tækin ekki sinnt geta umsjónarmenn kallað eftir því að viðkomandi notandi bæti ráð sitt. Sé þeirri eftirgengni ekki sinnt áskilja umsjónarmenn sér rétt til að leggja á þrifagjald að lágmarki 30.000 kr.

Stjórnir Búnaðarfélags Villingaholtshrepps og  
Búnaðarfélags Gaulverjabæjarhrepps

## **Feringarmessur um hvítasunnu í kirkjum Flóahrepps**

**19. maí – hvítasunnudagur**  
**Hraungerðiskirkja – feringarmessa kl. 13:30**

**19. maí - hvítasunnudagur**  
**Gaulverjabæjarkirkja – feringarmessa kl. 14:00**

**20. maí – annar hvítasunnudagur**  
**Villingaholtskirkja – feringarmessa kl. 13:30.**

**Athugið vel tímasetningar á messunum!!**

## Fréttir úr Flóaskóla

Að venju er margt um að vera í skólanum. Framundan eru vorverkin og ýmsir viðburðir tengdir þeim. En aprílmánuður var líka viðburðarríkur.

Mikill metnaður hefur verið lagður í undirbúning



og þátttöku skólans í Skólahreysti undanfarin ár og engin breyting er á því þetta árið. Prautseigja, snerpa, liðsheild og óbilandi keppnisskap einkennir keppnishópin okkar í Flóaskóla sem skilaði frábærum árangri og sigri í undankeppninni sem

haldin var 18. apríl síðastliðinn. Framundan eru síðan úrslit keppninnar sem fara fram 25. maí í Laugardalshöll og verður þeim sjónvarpað beint á RUV.

Árshátíðarleiksýning miðstigs var sýnd mánudaginn 22. apríl í Þjórsárveri, fyrir fullum sal. Leikritið Forysta fær, sem var unnið út frá þemanu um Konung ljónanna, var staðfært og samið af Hallfríði Ósk Aðalsteinsdóttur. Aðalpersónur voru eins og nafnið bendir til forystukind og dóttir hennar sem lenda í ýmsum hremmingum í



viðsjálverðum heimi. En allt fer þó vel að lokum eins vera ber í sönnu ævintýri. Sýningin var vel unnin og stórskemmtileg. Gaman var að sjá snilldartakta nemenda bæði í leik og söng.

Langspilshópurinn okkar endaði aprílmánuð á seinni hluta samstarfsverkefnisins með Sinfóníuhljómsveit Íslands og Listasafni Íslands. Verkefnið hefur mælst vel fyrir, er mjög vel heppnað í alla staði og erum við afar stolt af því.

Tveir síðustu dagar aprílmánaðar voru starfsdagar í skólanum og fóru starfsmenn í námsferð á Vestfirðina. Skólarnir á Bíldudal, Tálknafirði og Patreksfirði voru sóttir heim. Þar fengum við kynningu á afar metnaðarfullu skólastarfi sem unnið hefur verið að undanfarin ár í samstarfi þessara skóla og nokkurra annarra skóla á Vestfjörðum. Það er mikill ávinningur í því að kynna sér störf annarra skóla og eiga samtál um þróun árangursríks skólastarfs. Enda kemur hópurinn heim með fjölmörg verkfæri og hugmyndir í farteskinu sem ætlunin er að máta við skólastarfið í Flóaskóla.



Miðvikudaginn 22. maí er fyrirhugað að halda Fjölskyldudag í Flóaskóla. Þann dag geta nemendur, starfsfólk og foreldrar komið á hestum í skólann. Dagurinn verður síðan helgaður hreyfingu og útivist af ýmsu tagi.

Bestu kveðjur úr Flóaskóla  
með ósk um gleðilegt sumar og þökk fyrir veturinn  
Þórunn Jónasdóttir

# Fjölskyldu og menningarhátíð í Flóahreppi

## Fjör í Flóa

31. MAÍ-1. JÚNÍ 2024



Drög að dagskrá

### Föstudagur

Yoga, boðið verður upp á mjúkt jógaflæði fyrir alla fjölskylduna allir velkomnir.

*Staðsetning auglýst síðar.*

### Föstudagskvöld 31.maí

19:45 Fjölskyldu kvöldganga í

Súluholtshverfinu gengið um slóðir liðinna atburða og fallegrar náttúru gangan verður lét yfirferðar. *Nánar auglýst síðar.*

### Laugardagur 1.júní kl 10-22

Félagsslundur Forsetakosningar

### Þingborg 12:00 – 17:30

Hinn margrómaði kökubasar kvenfélaganna verður á staðnum ásamt nýbökudum vöfflum og kaffi. Sölubásar verða á staðnum og vandað handverk til sýnis.

Ungmennafélagið mun halda utan um skemmtilega dagskrá: Í fyrsta sinn á Fjör í Flóa Kassílabarallý. *Nánar auglýst síðar.*

Kökuskreytingarkeppni Þjótanda verður að sjálfsgöðu á sínum stað. Spennandi keppni fyrir krakka þar sem leyfilegt er að keppa saman í liði og skreyta glæsilega köku á 30 mín. *Skráning auglýst síðar.*

Pylsusalan verður að sjálfsgöðu á sínum stað ásamt andlitsmálningu og candyfloss.

Landbúnaðartekja sýningin verður glæsileg að vanda sjón er sögu ríkari.

Ferguson félagið mun standa fyrir sýningu á gömlum dráttarvélum af öllum gerðum.

Myndlistarsýning, handverkssýning, útskurður og legó sýning.

Jóhanna í Spákofanum mætir á Fjör í Flóa viltu vita eitthvað um framtíðina, ástina, fá ráð í gegnum tarot, rúnir og margt fleira spennandi líttu við.

Árni Beinteinn skemmtikraftur mætir í Þingborg og skemmtir gestum á öllum aldri.

Hoppukastalar og skemmtun fyrir allan aldur.

Stórskemmtileg barnasýning um Drottninguna sem kunnir allt eftir Gunnar Helga.

Tilkynnt verður um kjör á íþróttafólki Flóahrepps og menningarstyrkur veittur.

Herbert Guðmundsson ásamt syni sínum mæta og flytja bestu slagarana ekki missa af þessu!

Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna ekki láta þetta framhjá þér fara! Eitthvað fyrir alla.

Hlökkum til að sjá ykkur og eigum frábæra helgi saman í Flóahreppi.

*Íþróttasæskulýðs og menningarnefnd, Kvenfélögin og ungmennafélagið Þjótandi.*

Nánari upplýsingar & dagskrá á Flóahreppur.is  
FB síðu Fjör í Flóa og Instagram menningifloa.



Kvenfélögin í Flóahreppi

  
HEILSUEFLANDI  
samfélag  
velliðan fyrir alla







FLÓAHREPPUR

# Verkstjórar óskast

VILTU VINNA UTANDYRA Í  
FALLEGU UMHVERFI Í SUMAR?

Leitað er eftir öflugum einstaklingum sem eiga auðvelt með samskipti og hafa gaman að því að starfa með unglingum og ungmönnum.

Verkstjórar undirbúa, skipuleggja og stýra sumarvinnu unglinga í sveitarfélaginu Flóahreppi og vinna með umsjónarmanni fasteigna og húsvörðum á fasteinasviði sveitarfélagsins.

Vinnuskólinn sinnir umhirðu, ræktun, viðhaldi og fleiri verkefnum, oft í tengslum við félagsheimili, skólalóð, íþrótt- og útivistarsvæði. Verkefni eru nokkuð fjölbreytt svo sem að gróðursetja, slá og raka, hreinsa beði, grisja skóg, mála, plokka, sópa, þrifa, smíða og leggja hellur, grasþökur og fleira. Vinnuskólinn starfar í 7 vikur frá 5. júní – 21. júlí en verkstjórar geta unnið yfir lengra tímabili skv. samkomulagi.

Einnig er möguleiki á afleysingum um kvöld og helgar í félagsheimilum ef áhugi er á meiri vinnu.

## Helstu verkefni og ábyrgð:

- Útluta verkefnum og leiðbeina um vinnubrögð
- Skipulagning uppákoma í tengslum við vinnuna
- Gæta að og ganga frá áhöldum og vélum sem notuð eru
- Samskipti við forráðamenn og aðra starfsmenn á fasteignasviði
- Utanumhald og skil á vinnuskýrslum

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Verkstjóri í vinnuskóla þarf að vera fær í samskiptum ásamt því að geta verið unglingum góð fyrirmynd.
- Vinnusemi, stundvísi og sjálfstæði í starfi eru mikilvægir kostir.
- Gerð er krafa um að verkstjóri hafi náð 18 ára aldri og hafi gilt ökuskipteini.
- Ekki er gerð formleg krafa um menntun til að gegna starfi verkstjóra í vinnuskóla en reynsla af starfi með unglingum er æskileg.
- Gerð er krafa um hreint sakavottorð.

## Fríðindi í starfi

- Sveigjanlegur vinnutími þann tíma sem vinnuskóli unglinga er ekki starfandi.
- Möguleiki á aukavinnu um helgar.
- Sveitarfélagið getur boðið starfsmanni upp á námskeið í skyndihjálpi og vinnuvernd.

Sótt er um á <https://alfred.is/starf/verkstjorar-i-vinnuskola> eða á netfangið [hulda@floahreppur.is](mailto:hulda@floahreppur.is)

## Hestafl verktakar auglýsa

Nú er vorið handan við hornið.

Við erum klárir í vorverkin og bjóðum upp á alhliða lausnir. Við erum vel tækjum búnir og tökum að okkur jarðvinnslu, gröfuvinnu, áburðardreyfingu, flutninga og önnur verk. Endilega hafið samband ef þið viljið nýta ykkur þessa þjónustu.



Victor Örn Victorsson S. 789-7675  
Hestafl verktakar EHF.

## Fundarboð

Aðalsafnaðarfundur Hraungerðissóknar verður haldinn í Hraungerðiskirkju þriðjudaginn 23. maí nk. kl. 17.00.

Venjuleg aðalfundarstörf.

1. Ársskýrsla formanns sóknamefndar.
2. Reikningar kirkju og kirkjugarðs lagðir fram.
3. Kosning í sóknamefnd og skoðunarmanns reikninga.
4. Verkefni framundan, viðhald kirkju, umhirða kirkjugarðs.
5. Önnur mál.

F. h. Sóknamefndar  
Hraungerðiskirkju,  
Svanhvít Hermannsd. formaður.





## Víðavangshlaup Umf Þjótanda - Úrslit

Að venju var hlaupið Víðavangshlaup Umf Þjótanda á bökkum Þjórsár á sumardaginn fyrsta, að þessu sinni í blíðu veðri. Þáttaka var mjög góð og voru það 65 sem hlupu í ár. Sigurvegarar voru þau Kristófer Máni Andrason og Valgerður Björk Hlíðdal.

1.	Kristófer Máni Andrason	2010	5:19
2.	Þorbjörn Sturluson Schacht	2011	5:20
3.	Bjarki Rafn Reynisson	2010	5:46
4.	Arnar Alex Reynisson	2014	5:51
5.	Kristján Reynisson	2012	6:22
6.	Kristján Þórarinn Andrason	2016	6:23
7.	Valgerður Björk Hlíðdal	2014	6:26
8.	Örvar Rafn Hlíðdal	1984	6:30
9.	Ragnhildur Sara Andradóttir	2014	6:56
10.	Inke Schlie	2004	7:08
11.	Fanney Ólafsdóttir	1980	7:11
12.	Ottó Ingi Annýjarson	2012	7:30
13.	Victoria Kalveram	2002	7:45
14.	Steindór Guðmundsson	1975	7:47
15.	Egill Ingi Nielsen Jakobsson	2011	7:59
16.	Kolbeinn Sturluson Schacht	2015	8:10
17.	Thelma Dröfn Ásmundsdóttir	1985	8:15
18.	Halldór Bjarnason	1996	9:04
19.	Einar Hörður Haraldsson	2015	9:05
20.	Lilja Reynisdóttir	2015	9:06
21.	Rakel Ýr Sigmarsdóttir	2015	9:10
22.	Matthilda Sigurðardóttir	2013	9:21
23.	Pétur Hjálmsson	2017	9:29
24.	Inga Lilja Haraldsdóttir	2018	9:41
25.	Haraldur Einarsson	1987	9:42
26.	Ásta Björg Jónsdóttir	2010	10:06
27.	Ernir Kristberg N. Jakobsson	2018	10:10
28.	Jakob Nielsen Kristjánsson	1986	10:11
29.	Elín Dóra Þorsteinsdóttir	2014	10:12

30.	Guðbjörg Erla Annýjardóttir	2012	10:20
31.	Vilborg Lára Brynjarsdóttir	2018	10:34
32.	Kristján Nikulásson	1968	10:37
33.	Margrét Ósk Ingjaldsdóttir	1980	10:42
34.	Björgey Milla Guðjónsdóttir	2018	10:42
35.	Birnir Þór Hlíðdal	2019	11:01
36.	Ingunn Harpa Bjarkadóttir	1991	11:04
37.	Helgi Reynisson	2008	11:20
38.	Anný Ingimarsdóttir	1968	11:21
39.	Smári Kristinn Jónsson	2020	11:22
40.	Jón Örn Albertsson	1981	11:22
41.	Elfa Rún Heimisdóttir	2011	12:20
42.	Bergþóra Dögg Þórbergisdóttir	2011	12:26
43.	Hulda Kristjánsdóttir	1984	12:52
44.	Heimir Rafn Bjarkason	1982	12:54
45.	Sigrún Helgadóttir	1983	12:55
46.	Hermundur Karl Þorsteinsson	2018	12:56
47.	Reynir Þór Jónsson	1981	12:57
48.	Viðar Ófeigsson	1958	12:58
49.	Þorsteinn Logi Einarsson	1982	12:58
50.	Steinunn Lilja Kristinsdóttir	2013	13:29
51.	Dagbjört Ísafold Sveinsdóttir	2021	15:26
52.	Sveinn Orri Einarsson	1996	15:27
53.	Kristín Lilja Sigurjónsdóttir	1997	15:27
54.	Þórunn Sturludóttir Schacht	2006	15:54
55.	Ólöf Vala Heimisdóttir	2006	15:54
56.	Kristín Marí Þorsteinsdóttir	2021	15:57
57.	Catht Krentel	1990	15:59
58.	Birte Neuman	1990	15:59
59.	Elín Bjarnveig Sveinsdóttir	1960	16:23
60.	Aðalsteinn Sveinsson	1959	16:24
61.	Þröstur Albertsson	1990	16:53
62.	Sonja Þrastardóttir	2022	16:53
63.	Tanya Ponomarenko	1997	16:53
64.	Ása Dalkarls	1968	20:27
65.	Brynjar Úlfur Halldórsson	2021	20:27

**Myndir frá  
víðavangshlaupi  
Umf Þjótanda  
25. apríl 2024**



## Tækjalisti Búnaðarfélags Hraungerðishrepps

Staðsetning	Tæki	Verð	Eining
Litla-Ármót	Fjaðraherfi	4.000 kr	á ha
Ragnar	Plógur 5 skera	4.750 kr	á ha
848-2336	Skeljasandsdreifari	1.200 kr	á tonn
	Valtari/sáðvél	3.700 kr	á ha
	Kíplógur	21.000 kr	á dag
Tún Guðmundur 774-0182	Flaghefill lyftutengdur	4.000 kr	á dag
	Grjóttýnsluvél	14.100 kr	á klst
	Hnífataetari	4.750 kr	á ha
	Kornsáðvél	3.700 kr	á ha
	Hnífabrýnsluvél	Frítt	
Stóru-Reykir	Haugsuga	26.000 kr	á dag
	Plógur 5 skera	4.750 kr	á ha
Geir	Hnífataetari	4.750 kr	á ha
690-8939	Flaghefill á grind	Frítt	
	Málingasprauta	5.000 kr	á dag
	Snitttæki	Frítt	

**Ath Öllum tækjum skal skila hreinum og smurðum, og rukkað er fyrir hverja umferð með tætara og herfi**

# Kassabílarallý



Ungmennafélagið Þjóttandi stendur fyrir kassabílarallý á Fjöri í Flóa, laugardaginn 1. júní n.k. kl 14:00 við félagsheimilið Þingborg.

Keppnin er opin öllum en 2 einstaklingar keppa saman í líði, einn ökumaður og annar sem knýr kassabílinn áfram.

Skráning fer fram á heimasíðunni [www.floahreppur.is](http://www.floahreppur.is) Skráning hefst 10. maí og lýkur á hádegis 31. maí.



## Reglur eru þessar:

Tveir keppendur eru á hverjum kassabíl. Einn keppandi sem situr í bílnum og stýrir honum og annar sem ýtir bílnum.

Kassabílarinn mega einungis vera knúnir áfram af keppendum sínum.

Ökumaður hvers kassabíls skal vera með hjálm. Keppnin fer fram á útisvæðinu við Þingborg. Ekin er stutt braut þar sem reynir á aksturshæfni, snerpu og útsjónarsemi.

Verðlaun eru veitt fyrir hraðasta ökutækið og flottustu hönnunina.

Keppendur skuli vera mættir 15 mínútum fyrir keppni og gefi sig fram við Svein Orra Einarsson keppnisstjóra. Hann gefur einnig nánari upplýsingar um keppnina ef óskað er í gegnum netfangið [sveinn96orri@gmail.com](mailto:sveinn96orri@gmail.com)

## Aðalsafnaðarfundur Gaulverjabæjarkirkju

Aðalsafnaðarfundur Gaulverjabæjarkirkju verður haldinn í Gaulverjabæjarkirkju, fimmtudaginn 23. maí 2024 kl. 20:00

Venjuleg aðalfundarstörf, allir velkomnir

Sóknarnefndin



## Vorfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps

Fundurinn, sem jafnframt er auka-aðalfundur, þar sem kosning ritara í stjórn fer fram, verður haldinn 23. maí í Þingborg kl.

20:00

Kaffikonur : Margrét Drífa Guðmundsdóttir, Ásdís Finnsdóttir og Anna Lilja Reynisdóttir

Konur sem vilja kynna sér starfið eru velkomnar.

Kveðja Stjórnin.

### Dagskrá mánaðarins:

Æfingar í Þingborg	7. maí
Opið hús hjá Ingjaldi í Ferjunesi	7. maí
Opið hús - 60 plús	8. maí
Glímuæfing	8. maí
Hreinsunarátak	13. - 17. maí
Æfingar í Þingborg	14. maí
Glímuæfing	15. maí
Fermingarmessa í Hraungerðiskirkju	19. maí
Fermingarmessa í Gaulverjabæjarkirkju	19. maí
Fermingarmessa í Villingaholtskirkju	20. maí
Æfingar í Þingborg	21. maí
Glímuæfing	22. maí
Aðalsafnaðarfundur Hraungerðissóknar	23. maí
Aðalsafnaðarfundur Gaulverjabæjarkirkju	23. maí
Vorfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps	23. maí
Flóaskóli - Úrslit Skólahreysti	25. maí
Æfingar í Þingborg	28. maí
Glímuæfing	29. maí
Fjör í Flóa	31. maí - 1. júní
Forsetakosningar	1. júní